



nettó
17.-20. október

<p>25% afsláttur Indverskar sósur, 360 g 374 kr/stk 499 kr/stk</p>	<p>25% afsláttur Indverskar sósur, 375 g 314 kr/stk 419 kr/stk</p>	<p>25% afsláttur Kjúklingaleggir í tandoori-marineringu 1.162 kr/kg 1.549 kr/kg</p>
---	---	--

VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVIKUDAGUR 16. OKTÓBER 2024 // 39. TBL. // 45. ARG.
DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

BLÓÐRAUÐ NORÐURLJÓS



Það var mikil ljósadýrð á himni þegar væn kórónuskvettur frá sólinni skall á himinhvolfinu og bauð upp á einstaka norðurljósavirkni síðasta fimmtudagskvöld. Myndin hér að ofan var tekin á Garðskaga þar sem blóðrauð norðurljós dónsuðu á himni. Sævar Helgi Bragason, betur þekktur sem Stjörnu-Sævar, segir kórónuskvettur vera skeifulaga flóðbylgjur eða ský úr hraðfleygum rafhlöðnum ögnum, aðallega rafeindum. Rafeindirnar skella á segulsviði jarðar, streyma eftir segulsviðslínum inn í efri hluta andrúmsloftsins og örva þar atóm og sameindir sem byrja að glóa. Rauð norðurljós frá örvuðum súrefnisatómum verða til í 200-400 km. hæð. Græn norðurljós verða til í um 100 km. hæð. Það var mikið sjónarspil þegar rauðu ljósin lögðust yfir en þau sáust víða á norðurhveli jarðar. VF/Hilmar Bragi Bárðarson

Tímamörk við kirkjugarðinn

Þau sem eiga erindi í kirkjugarðinn við Aðalgötu í Keflavík verða að skipuleggja tíma sinn vel. Þar verður ekki leyft neitt droll, ef viðkomandi mætir á bíl á svæðið. Tímamörkin eru þó ekki gestum kirkjugarðsins til höfðuðs, heldur þeim sem nýta bílastæðin til langtímageymslu á ökutækjum.

Stjórn Kirkjugarða Keflavíkur hefur óskað heimildar bæjaryfirvalda í Reykjanesbæ til að merkja bílastæði við Hátún og Hrauntún við kirkjugarðinn með hámarks-tímalengd tvo tíma.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án at-hugasemda. Þá er gerð tillaga að lóðarstækkun svo bílastæðin verði innan lóðar kirkjugarðsins.



Byggja 800 íbúðir á Ásbrú

Byggðar verða 800 íbúðir auk samfélagslegra innviða, almenningsrýmis og nýrra bygginga undir aðra þjónustu fyrir íbúa á Ásbrú. Kadeco og Reykjanesbær hafa komist að samkomulagi um verkefnið.

„Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði á Suðurnesjum hefur aukist mikið og aðstæður á Ásbrú gera það að verkum að þar er hægt að byggja hraðar upp sjálfbært íbúðahverfi en víða annars staðar. Markmið samningsins er m.a. að mæta aukinni eftirspurn eftir húsnæði, skapa fyrirsjáanleika og hefja þéttingu og þróun byggðar á Ásbrú,“ segir í tilkynningu frá Kadeco.

Greint var frá byggingu 150 íbúða á öðru svæði í júlí sl. en það er á svokölluðum Suðurbrautarreit.

Nýr ísfisktogari Þorbjarnar kominn til Grindavíkur

Nýr ísfisktogari útgerðarinnar Þorbjarnar, Hulda Björnsdóttir GK-11, sigldi í heimahöfn í hádeginu á þriðjudag. Skipið mun brátt halda á bolfiskveiðar en hvað verður um skipið þegar Þorbirni verður skipt upp í þrjár sjálfstæðar einingar, er ekki komið á hreint að sögn Hranans Jóns Jónssonar, útgerðarstjóra hjá Þorbirni.

Skipið sem var smíðað í Gijón á Spáni, er 58 metrar að lengd og



13,6 metrar að breidd. Skrófa skipsins er fimm metrar í þvermál en skipið var hannað með sparneytni í huga. Skipið verður gert út á ísfiskveiðar og geti þá dregið tvær botnvörpur samtímis. Fjórtán til fimmtán verða í áhöfn Huldu Björnsdóttur GK.

Skipið fær nafn sitt frá Huldu Björnsdóttur, eiginkonu eins af stofnendum Þorbjarnar, Tómasar Þorvaldssonar, en hún lést árið 2008.



Hulda Björnsdóttir GK 11 í Grindavíkurhöfn. VF/Eva Björk

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOG ÓSK
ELINBOG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

VILJA SITJA ÁFRAM

■ Oddný Harðardóttir gefur svar í vikunni

Allir núverandi þingmenn Suðurnesja fyrir utan Oddnýju Harðardóttur hafa gefið út að þeir sækist eftir endurkjöri í komandi alþingiskosningum en hún mun tilkynna um ákvörðun sína í vikunni.

Þingmennirnir á Suðurnesjum eru sex talsins, þeir Ásmundur Friðriksson, Birgir Þórarinnsson og Vilhjálmur Árnason hjá Sjálfstæðisflokki, Jóhann Friðrik Friðriksson hjá Framsókn, Oddný Harðardóttir hjá Samfylkingu og Guðbrandur Einarsson hjá Viðreisn.

Guðbrandur Einarsson: Brettum upp ermar

„Nú fer bara allt á fullt, við brettum upp ermar og allar hendur fara á dekk. Það þarf að stilla upp listum og setja málefni niður á blað og ég hef tekið ákvörðun um að gefa kost á mér áfram. Ég hef trú á að Viðreisn verði í næstu ríkisstjórn, ég held að það sé fullreynt að mynda ríkisstjórn af jöðrunum, þ.e. með flokkum lengst til vinstri og til hægri. Ég vil sjá ríkisstjórn myndada þvert yfir miðjuna,“ segir Guðbrandur.



Oddný Harðardóttir: Frá miðju til vinstri

„Ef ég fæ einhverju um ráðið þá verður mynduð ríkisstjórn frá miðju til vinstri, eftir tæp sextán ár á þingi veit fólk hvar ég stend í minni pólitík, ég er vinstri manneskja. Formaður flokksins úti- lokar hins vegar ekki samstarf við neinn flokk. Ég er búin að gera upp hug minn til áframhaldandi þingsetu og mun tilkynna ákvörðun mín á kjördæmisráði síðar í vikunni,“ segir Oddný.



Ásmundur Friðriksson: Ungur og ferskur

„Ég er ungur og ferskur, hef fengið mikinn stuðning Sjálfstæðisfólks að undanfögnu og mun því gefa kost á mér áfram. Þar sem tíminn er knappur verður ekki hægt að fara í prófkjör og munum við tilkynna í vikunni hvernig við munum raða á listana hjá okkur,“ segir Ásmundur.



Vilhjálmur Árnason: Öttast ekki kosningar

Ég öttast ekki kosningarnar sem eru framundan, ég veit að það Sjálfstæðisflokkur sem studdi okkur ekki í síðustu skoðanakönnunum mun koma tvíeft til baka. Ég mun að sjálfsgöðu gefa kost á mér til áframhaldandi þingsetu,“ segir Vilhjálmur.



Birgir Þórarinnsson: Stuðningur og hvatning

„Já, ég hef hug á því að gefa kost á mér í komandi kosningum til Alþingis. Ég hef fengið góðan stuðning í kjördæminu og hvatningu. Þau málefni sem ég hef talað fyrir hafa fengið mikinn hljómgrunn, má þar t.d. nefna útlendingamálin,“ segir Birgir.



Jóhann Friðrik Friðriksson: Hlakka til að eiga samtal

„Ég sækist eftir endurkjöri og hef fundið fyrir góðum stuðningi. Ég óska því eftir endurnýjuðu umboði til góðra verka. Framsókn gengur sem fyrr óbundin til kosninga. Ég hlakka til að eiga samtal um framtíðina við íbúa í kjördæminu og um allt land,“ sagði Jóhann Friðrik.



Hollvinasamningur Þórkötlu hefði átt að koma miklu fyrir

■ Allar hurðir lokaðar, engir gluggar opnir og mygla byrjuð að myndast inni á baðherbergi

„Það er heldur seint í rassinn gripið þegar meirihluti Grindvíkinga er búinn að tæma algjörlega og afhenda eignir sínar, það hefði átt að kynna þennan hollvinasamning strax í sumar þegar Grindvíkingar seldu Þórkötlu eignir sínar,“ segir Grindvíkingurinn Sigurjón Veigar Þórðarson. Hann átti erindi í Grindavík á dögnum og kom við á gamla heimilinu, við honum blasti ekki fögur sjón. Hann kíkta inn um alla glugga, sá að allar hurðar voru lokaðar, enginn gluggi opinn og inni á baðherberginu var gufa vegna hita og farnir að myndast myglublettir í loftinu.



Betra seint en aldrei?

Sigurjón hefði viljað sjá hollvinasamning Þórkötlu miklu fyrir í ferlinu.

„Ég hefði pottþétt nýtt mér þennan hollvinasamning ef hann hefði verið í boði þegar við ákváðum að selja húsið okkar í Grindavík. Við hefðum geymt hluta af búslóðinni okkar í húsinu og komið af og til í húsið til að ganga úr skugga um að allt væri í lagi og halda tengingunni við heimilið, Grindavík og samfélagið. Það sem er sorglegt í þessu öllu er að alltof margir Grindvíkingar urðu að farga hluta og jafnvel mestu af búslóð sinni því það kom henni ekki fyrir í nýju eigninni. Íbúar voru heldur ekki í sálarjafnvægi til að þurfa að taka þær ákvarðanir að velja og hafna persónulegum eignum og henda mörgu sem það hefði verið notað þegar viðkomandi væri kominn í betra búsetuúrræði.“

lega mikill raki í útveggnum við gluggann á baðinu. Veggurinn er farinn að springa og það var frosin rönd utan á honum sem segir mér að það er leki á ofnakerfinu á þessum stað líklegast, eitthvað sem sérfræðingar NTÍ slógu strax út af borðinu.

Það er sorglegt að horfa upp á þetta og ég spyr mig hvað verið sé að gera með almannafé. Ríkið er að eyða tugum milljarða í að fjárfesta í þessum húsum en svo er ekkert hugsað um þau. Mitt hús er að grotna niður og mun eyðileggjast ef menn fara ekki að vakna upp af þessum blundi. Á sama tíma er verið að eyða tugum milljóna í hverjum mánuði til að halda úti lokunarpóstum sem virka ekki einu sinni því allir sem vilja geta komist inn til Grindavíkur! Það er hreinlega óskiljanlegt að það séu ekki a.m.k. einn til tveir starfsmenn að ganga um þessi hús og lofta út og líta til með þeim. Það er ástæða fyrir því að hús hafa glugga. Ég er nú ekki langskólagentinginn í myglufræðum en að loka öllum hurðum í húsinu, loka öllum gluggum og botnkynnda er ávisun á eyðileggingu, það segir sig sjálf. Ég get orðið brjáláður þegar ég hugsa um þetta,“ segir Sigurjón.

Tjón vegna myglu

Tjón varð á húsi Sigurjóns og fjölskyldu hans og hefur hann verið í sambandi við NTÍ og Þórkötlu vegna málsins.

„Ég beið og bíð ennþá eftir tjónaskýrslu frá NTÍ. Þegar ég var búinn að selja kom svar frá NTÍ, mig varðaði ekkert um tjónið fyrst ég væri búinn að selja. Ég mót-mælti því nú harkalega og sagðist eiga forkaupsrétt að húsinu á verði sem miðast við þessa skýrslu og því skipti þetta mig miklu máli. Sá sem ég var í sambandi við hjá NTÍ benti þá á Þórkötlu. Ég setti mig strax í samband við félagið, þeir sögðust senda mér skýrsluna þegar hún kæmi en ekkert bólar á skýrslunni enn.“

Ég átti erindi í Grindavík um helgina og ákvað að taka hring í kringum húsið mitt og við mér blasti ekki fögur sjón! Ofnakerfið var aldrei skoðað en það er greini-



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

Sameiningarmál áfram hjá Suðurnesjabæ

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkti samhljóða á síðasta fundi sínum að vísa sameiningarmálum frá Sveitarfélaginu Vogum til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarráð hafði tekið málið til umfjöllunar. Þar voru teknar fyrir

fundargerðir verkefnahóps um könnunarviðræður um sameiningu sveitarfélaga á Suðurnesjum, ásamt fylgigögnum. Bæjarráð vísadi málinu til fyrri umræðu í bæjarstjórn sem hefur tekið málið fyrir og vísar því nú til síðari umræðu.



Alls 177 gildar umsóknir um sex lóðir

Alls voru 177 gildar umsóknir um sex lausar lóðir við Tjarnabraut í Innri-Njarðvík. Eins og við sögðum frá á dögnum bárust alls 204 umsóknir um lóðirnar sex.

Þar sem umsóknir einstaklinga nutu forgangs var dregið úr 153 umsóknum. Dregið var um 1. 2. og 3. val. Falli umsækjandi í fyrsta vali frá lóðarumsókn gengur lóðin til þess næsta eða þess þriðja ef svo ber undir. Gildir þetta til 1. maí 2025.

Nöfn þeirra sem unnu í lóðaútdrætti umhverfis- og skipulagsráðs má lesa á vef Reykjanesbæjar.



16 FERÐIR Á DAG

ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK

DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

Pantið flutning á cargo.flutningar.is

845 0900

 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Allt hreint

Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM

RIMLAGARDÍNUR OG

MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

VÍS

Þú tryggir hátt þjónustustig á heimilinu

Við tryggjum góða þjónustu

Verkefni á heimilinu eru mismunandi og handtökin mörg. Á meðan þú sinnir því sem mestu máli skiptir bjóðum við þér og þínum góða þjónustu, allt árið um kring. Ánægja viðskiptavina skiptir okkur öllu máli.



Mættu því óvænta





Dagný Jónasdóttir, formaður, fjórða frá hægri með fleiri kvenfélagskonum.



Kaffihlaðborð á 17. júní er alltaf vel sótt.

Góð leið til að kynnst samfélaginu

■ Kvenfélag Keflavíkur 80 ára - afmælisfagnaður 19. október í Kirkjulundi

„Að vera í kvenfélagi er góður og skemmtilegur félagskapur þar sem konur hittast og gera skemmtilega hluti saman. Sú mynd að kvenfélagskonur séu bara miðaldra, háaaldraðar og alltaf bakandi er bara ekki rétt,“ segir Dagný Jónasdóttir, formaður Kvenfélags Keflavíkur sem fagnar 80 ára afmæli um þessar mundir. Afmælisveisla verður í Kirkjulundi 19. október kl. 15.

Í félaginu eru 42 hressar konur á öllum aldri og Dagný segir að starfið gangi vel. Félagið sé í góðu samstarfi við Kvenfélagasamband Gullbringu og Kjósarsýslu þar sem konur úr báðum félögum fara t.d. í göngur saman.

En hvernig gengur starfið?

„Við erum með fundi fyrsta mánudag í hverjum mánuði nema ekki yfir sumartímann. Við hittumst og höfum gaman, fáum okkur

kaffi saman og ræðum ýmislegt og fáum ýmiskonar fræðslu á fundum. Erum náttúrulega með fjáraflanir því við erum jú líknarfélag og fjáröflum fyrir alla vega félög og einstaklinga, bókum kleinur og seljum. Svo erum við með hlaðborð á 17. júní sem er orðið að hefð hjá mörgum að koma við og fá sér kaffi og með því. Svo er alltaf bíngó í nóvember sem er mjög vinsælt hjá okkur. Þá leitum við til fyrirtækja og verslana sem eru alltaf tilbún

að styrkja okkur með gjöfum. Þá förum við í ferðir innan- sem utanlands og út að borða og hafa gaman saman. Fundurinn í maí er alltaf hattafundur. Þá setjum við upp hatta og hittumst á veitingastað og skemmtum okkur. Í desember höfum við verið með jólaball fyrir aldraða og svo er alltaf flottur jólafundur hjá okkur. Það alltaf nóg að gera og skemmtilegt að hittast. Ég hvet bara konur til að koma á fund hjá okkur og kynnst starfinu og ekki síst konur sem eru nýfluttar á svæðið. Þetta er besta leiðin til að kynnst samfélaginu og eignast góðar vinkonur í gegnum kvenfélagið.“

Stjórn Kvenfélags Keflavíkur 2024

Dagný Jónasdóttir, formaður, Fríða Bjarnadóttir, varaformaður, Sigurlaug Guðmundsdóttir, gjaldkeri, Sigurlaug Halldórsdóttir, ritari. Meðstjórnendur: Dalrós Jónasdóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir og Hildur Friðbjófsdóttir.



Myndir úr sumarferðalagi Kvenfélagsins á árum áður.



Þær eru ófáar veislurnar í gegnum tíðina.



Kvenfélagskonur byggðu Tjarnarlund í Keflavík, fyrsta dagheimilið á Suðurnesjum.

Stórhuga kvenfélagskonur

Árið 1944 sunnudaginn 15. október voru nokkrar konur boðaðar til fundar í UMFK húsinu í Keflavík með það fyrir augum að stofna kvenfélag, um 30 konur mættu á fundinn.

Frummælandi, frú Guðný Ásberg, hafði verið í sambandi við konur úr Landssambandi Kvenna og komu þær Aðalbjörg Sigurðardóttir og Guðrún Pétursdóttir og aðstoðuðu keflvískar konur og var félagið síðan stofnað og hlaut nafnið Kvenfélag Keflavíkur.

Á fyrstu árum félagsins gekkst félagið fyrir jólaskemmtun fyrir aldraða í plássinu til ársins 1979, eftir það tók félagið svo að sér að sjá um skemmtun fyrir aldraða á öllum Suðurnesjum. Kvenfélagskonur voru stórhuga og á fyrsta ári félagsins var safnað fyrir röntgen-tækjum á Sjúkrahús Keflavíkur-læknishéradis sem þá var í byggingu. Einnig söfnuðust 45 þúsund krónur sem skyldu ganga upp í kostnað af einu herbergi sem var ætlað sængurkonum. Fyrstu fjáröflunarleiðir félagsins voru hlutaveltur, 17. júní höfðu konur kaffisölu í Verkalýðshúsinu við Túngötu.

Fyrsta þorablót Kvenfélagsins var haldið í Ungó í janúar 1946 og var það aðaltekjulind þess í mörg ár, seinna bættust bíngóin við svo og aðrar fjáraflanir. Í gegnum árin hefur félagið tekið þátt í fjölmörgum sameiginlegum verkefnum með öðrum kvenfélögum á Suðurnesjum og á landsvísi. Í mörg ár seldu félagskonur jóla-kort sem listakonur á svæðinu gáfu félagsinu til prentunar sem selstust mjög vel. Gengust félagskonur fyrir hinum ýsmu námskeiðum þar sem mikil fjölbreytni var í boði. Kvenfélagið hefur jafnan kappkostað að leita ráða til að koma hagnýtri fræðslu til sinna félaga.

Strax árið 1945 gerðist Kvenfélag Keflavíkur aðili að Kvenfélagsambandi Gullbringu- og Kjósarsýslu sem einnig er aðili að Kvenfélagsambandi Íslands.

Í gegnum tíðina hefur verið mikið um heimsóknir milli félagna og skiptast félögin á að halda aðalfund KSGK. Tvímælaust var stærsta verkefni félagsins að reisa félags- og dagheimili sem vígt var 8. maí 1954. Þetta var mikið átak því næstum allt var unnið í sjálfboðavinnu.

Afhentu Gjöf til allra kvenna

Kvenfélagskonur afhentu Landsspítalanum nýlega Gjöf til allra kvenna á Íslandi og fór fyrsta afhendingin fram á Sjúkrahúsinu á Akranesi.

Kvenfélagasamband Íslands sem var stofnað 1. febrúar 1930 fagnaði 90 ára afmæli sínu árið 2020. Í tilfinni þess stóðu kvenfélög um allt land fyrir söfnun á tækjum og hugbúnaði því tengdu til handa öllum konum um landið allt. Búnaðurinn kemur að notum við meðgöngu, fæðingu eða skoðana vegna kvensjúkdóma

Um er að ræða mónitora sem skrá fósturhjártslátt og ómtæki, nýja eða uppfærða eftir því sem við á, og rafrænar tengingar á milli landsbyggðar og kvennadeildar Landspítalans. Búnaðurinn sem safnað var fyrir eru liður í auknu öryggi í greiningum og munu í

mörgum tilfellum koma í veg fyrir að senda þurfi konur á milli landshluta vegna ýmissa óvissuþátta.

Með þessum hugbúnaði verður einnig vistun hjartsláttarrita rafrenn og er það stór þáttur í öryggi og aðgengi að ritunum. Þá er alltaf hægt að nálgast þau í sjúkrahúsmóður. Pappírnotkun mun minnka mikið.

Kvenfélagskonur á Íslandi hafa verið bakhjarlar Landspítalans frá stofnun hans. Söfnunin stóð til 1. febrúar 2021 og söfnuðust samtals um 30 milljónir. Stærsti hluti framlaga í söfnunina kom beint frá kvenfélögum víða um land. Einnig studdu fjölmörg fyrirtæki og almenningar söfnunina með beinum framlögum.



**HAFÐU ÞAÐ EXTRA GOTT Á
HREKKJAVÖKUNNI!**

ÞÚ FINNUR GRASKER OG HREKKJAVÖKUNAMMI HJÁ OKKUR



EXTRA



Hafnargötu, Reykjanesbæ

OPIÐ

24/7

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



K T A G R U M L I É A N L Æ S
 A K Ó A U M A T Ó S P G S T Ó
 M O A N Ð R U Ð U N F Ö J A L
 B S A L Ó A P E N A A Ó Ó S A
 U T L É F Ó R U M Ó R G B Ú S
 R A L Æ P A N M J N A N U R Ó
 A K I R G A N R A N N A K A J
 G J M A K Ð A R T N Ú R Ö K L
 G Ö A P T B S O O R T S I K R
 Y R K T A L É K A H P E T O U
 R Ú Ó B I E F Ð H I S S N L Ð
 T J K T P K A Æ T S A D Ö F R
 M E B Ð A L M Ú G Ð S É N P O
 S Ó J R B T U Ð Í O A R Ð A N
 T N R Ó J T S S I K Í R Æ S L

- | | |
|-----------------|------------|
| LANDSHORNAFLAKK | ÖGN |
| STJÓRNARSLIT | NORÐURLJÓS |
| KOSTAKJÖR | ILMUR |
| JÖFNUBUR | KANNAR |
| ÓGNAR | MJÓTT |
| RÍKISSTJÓRN | FLOKKAR |
| FAUTI | ROK |
| NAÐRA | SÍÐAST |
| KAMBUR | TRYGG |
| BLAÐAR | RÓMUR |

Gangi þér vel!

Skútusiglingar við Grænland í sagnastund á Garðskaga



Skútan Hildur við Grænlandsstrendur.

Sagnastund á Garðskaga verður haldin laugardaginn 19. október 2024 kl. 15:00. Skútusigling við Grænland verður efni sagnastundar að þessu sinni.

Áki Ásgeirsson er kunnur tónlistarmaður frá Krókvelli í Garði. Hann siglir einnig skútum sem skipstjóri. Hann hefur kunnáttu og reynslu til að sigla skipi með vindorku einni. Hefur siglt skútum

milli landa og með marga ferðamenn við austurströnd Grænlands.

Áki kemur á sagnastund og segir frá siglingu stórrar skútu við Grænland, sem áður var fiskibátur við Íslandsstrendur. Siglt var um Scoresbysund, sem er lengsti fjörður á jarðarkringlunni. Fjörðurinn er nokkurn veginn í norður frá Íslandi. Áki sýnir myndir á skjá frá ferðunum.

Einnig kann að koma fram umfjöllun um búnað seglskipa almennt. Sagt örlítið frá skonnortum, kúttum og opnu bátunum gömlu, sem gerðir voru út frá Suðurnesjum.

Allir velkomnir á Garðskaga, ekki aðgangsgjald, veitingahúsið opið.

Áhugamenn um sagnastund á Garðskaga.

Nýr togari að koma til landsins

Október orðinn hálfnaður og veðurfarslega séð er hann búinn að vera mjög góður. Bátar hafa komist nokkuð duglega á sjóinn og þar á meðal nokkrir handfærabátar frá Sandgerði. Sumir þeirra hafa farið út fyrir Eldey og verið þar að eltast við ufsann.

Tveir bátar hafa verið hvað atkvæðamestir í því, það eru Dóra Sæm HF sem hefur landað um 8,4 tonnum í fjórum róðrum og mest 4 tonnum í róðri, af þessum afla er ufsi rúmlega 6 tonn. Hinn báturinn er Séra Árni GK sem er kominn með 6,5 tonn í þremur róðrum og mest 3,8 tonn í róðri, af þessum afla þá er ufsi um 4,8 tonn. Aðrir færabátar eru með undir einu tonni í afla, nema Guðrún GK sem er komin með 2 tonn í fjórum róðrum.

Netabátarnir sem allir eru á veiðum frá Keflavík, og eins og hefur komið fram þá eru þeir að veiða fyrir Hólmgím, hafa veitt mjög vel það sem af er október. Addi Afi GK er kominn með 22,2 tonn í tíu róðrum og mest 4,7 tonn í róðri, Sunna Líf GK 20 tonn í tíu róðrum og mest 3,2 tonn, Svala Dís KE 8,8 tonn í fimm róðrum og Neisti HU með 10 tonn í tíu róðrum.

Dragnótabátarnir eru flestir ennþá á veiðum inn í Faxaflóa,

Siggi Bjarna GK er kominn með 107 tonn í átta róðrum og mest 20,4 tonn í róðri, Benni Sæm GK með 75 tonn í átta róðrum og mest 20,5 tonn í róðri, Maggý VE með 46 tonn í sjö róðrum en báturinn hefur verið að landa í Sandgerði og Þorlákshöfn.

Sigurfari GK er svo kominn á veiðar eftir nokkuð langt stöpp, báturinn fór í slipp í byrjun júní og var því frá veiðum í um fjóra mánuði. Hann og Maggý VE eru ekki á veiðum inn í Faxaflóa því vegna lengdar bátanna hafa þeir ekki leyfi til að veiða þar en leyfi þar miðast við 24 metra langa báta. Sigurfari GK er búinn að landa tvisvar sinnum um 12 tonnum.

Annars er nýr togari að koma til landsins og er það togari sem er í eigu Þorbjarnar hf. í Grindavík. Sá togari heitir Hulda Björnsdóttir GK 11. GK 11 er nokkuð þekkt því fyrir um 50 árum síðan var fyrirtækið Þorbjörn hf. sem var þá ekki eins og það er í dag, það gerði út nokkra báta og þar á meðal þrjá báta sem allir hétu sama nafninu; Hrafn Sveinbjarnarson. Það voru Hrafn Sveinbjarnarson GK, Hrafn Sveinbjarnarson II GK og Hrafn Sveinbjarnarson III GK, sá bátur var GK 11 og hafði skipaskrárnúmerið 103. Sá bátur átti sér mjög langa sögu í Grindavík og

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
gisl@aflafrettir.is



var gerður út þaðan í hátt í 25 ár. Árið 1988 strandaði báturinn við Hópsnes við Grindavík og þegar ekið er út á Hópsnes og ekinn hringurinn þar, má sjá hluta af stálkrokki báts, það eru leifar af Hrafn Sveinbjarnarsyni III GK 11. Það er nokkuð merkilegt með þetta flak þarna á Hópsnesi að blái liturinn sem var á bátinum heldur sér ennþá.

Þorbjörn keypti annan bát árið 1988 eftir strandið og var það loðnubáturinn Magnús NK frá Neskaupstað. Sá bátur fékk nafnið Hrafn Sveinbjarnarson III GK 11 en hann var ekki með því nafni lengi því að í september árið 1988 fékk báturinn nafnið Valaberg GK 399.

Allavega, þá er GK 11 aftur komið í gang en nafnið á togaranum kemur frá Huldu Björnsdóttur sem var gift Tómasi Þorvaldssyni en hann var einn af stofnendum Þorbjarnar í Grindavík árið 1953. Hulda lést árið 2008. Þess má geta að fyrirtækið gerir út frystitogara sem heitir Tómas Þorvaldsson, hann er GK 10.



SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurpjonusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

can-am®

ÞRIÐJA KYNSLÓÐIN ER KOMIN.

Þriðja kynslóðin af Can-Am fjórhjólunum er mætt í 2025 árgerðinni. Nýtt boddý. Nýr mótör. Ný kúpling. Ný grind. Ný fjöðrun. Allt endurbætt í betri og kraftmeiri pakka.



ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is



Farartækin sem hópurinn ferðaðist á eru flest af gerðinni Can-Am.



Spáð í vegalengdir.



Harpa, Kristín, Íris og Elsa.



Flugvél mætti með varahluti á hálandið.



Slakað á í Drekgili.



Stund milli stríða hjá Sæmundi Sæmundssyni.



Félagsskapurinn sterkari en f

„Þegar við byrjuðum í þessu stússi skiptu áfangastaðirnir okkur miklu máli. Svo áttuðum við okkur á því að þetta var meira ferðalagið. Nú erum við komin á þá niðurstöðu að þetta sé fyrst og fremst félagsskapurinn og hann er miklu sterkari en ferðalagið eða áfangastaðirnir,“ segir Guðbergur Reynisson, talsmaður Melrakka, félagsskapar innan Akstursíþróttafélags Suðurnesja.

Fjórtán einstaklingar á tíu buggbílum og fjórhjólum fóru mikla ævintýraför um Ísland í sumar. Ekið var á fjóra tanga, syðst, nyrst, austast og vestast. Þar sem austasti tangi landsins, Gerpir, er ekki fær ökutækjum varð Dalatangi fyrir valinu.

Fjórir tangar í höfuðáttum

Ferðalagið á tangana fjóra er rétt ríflega 3.000 kílómetrar. Það hófst í Reykjanesbæ 10. júlí og ekið var austur í Reynishverfi við Vík í Mýrdal þar sem gíst var í félagsheimilinu Eyrarlandi á dýnum á gólfi. Þaðan var farið á Kötutanga og stillt upp í mynd á syðsta tanga landsins. Þaðan var lagt í hann inn á hálandið og stefnan tekin í náttstað í Bárðardal.

Nokkur pör úr hópnum komu saman á dögunum til að rifja upp ferðalagið í sumar með blaðamanni Víkurfrétta og ólíkt því sem þekkest á þjóðvegum landsins, þá fagnar hópurinn því ávallt þegar hann kemst af malbikinu og út á mölina. „Það er svo miklu skemmtilegra að aka þessum tækjum eftir mölinni,“ segja þau. Síðasta bensinstopp fyrir hálandið var í Hrauneyjum. Þaðan er brunad yfir Sprengisand, urð og

grjót, með stefnu á Bárðardal. Gist var á Bjarnastöðum í Bárðardal, gömlu sveitabýli.

Vegir og vegleysur í ýmis konar ástandi

Úr Bárðardalnum var ekið norður á Rifstanga. Vegir og vegleysur voru í ýmis konar ástandi og í minningunni segja þau veginn frá Kópaskeri að Rifstanga hafa verið hræðilegan. Ferðalagið milli syðsta og nyrsta tanga landsins er um 800 kílómetrar og ferðin rétt að byrja. Frá Rifstanga var stefnan tekin á Möðrudalsöræfi og þaðan á Skjöldólfsstaði þar sem gíst var á Hótel Studlagili.

Frá Skjöldólfsstöðum var stefnan sett á Egilsstaði í dásamlegu veðri. Þar baðaði hópurinn sig í Spánarblíðu, 23 gráðum, áður en lagt var í ferðina á Dalatanga. Það má segja að gott veður hafi elt hópinn alla ferðina.

Dalatangi tók vel á móti hópnum og staldrað var lengi við í Mjóafirði. Þetta var einn lengsti dagur ferðalagsins í ferðatíma en frá Dalatanga var ferðinni heitið í Drekgil. Þangað var komið um nótt og þar gíst í fjallaskála. Í Drekgili þurfti að takast á við



Einn fararskjóttinn með Herðubreið, drottningu íslenskra fjalla, í baksýn.

havarí eins og sprungið dekk og fleira. „Við sleppum aldrei góðu brasi,“ sagði Garðar Gunnarsson, einn ferðalanganna.

Fjórtán hamborgaratilboð eftir lokun

Úr Dreka, þar sem var brakandi blíða, var stefnan sett á Ódáða-

hraun og í vestur, alla leið í Áfanga á Kili. Ferðin sóttist seint en leggja þarf lykku á leiðina í Varmahlíð til að taka eldsneyti. Í kvöldsólinni sóttist ferðalagið seint og hópurinn sá fram á að ná ekki til byggða fyrir lokun veitingastaða. Þá var tekinn upp síminn og hringt í vini á Sauðárkróki. Þar var brugðist hratt við, keypt fjórtán hamborgaratilboð

og fullt af nesti fyrir næsta dag. Hópurinn gat því tekið vel til matar síns á bílastæði við bensinstöðina í Varmahlíð. Þaðan var svo farið í náttstað í Áfanga á Kili. Hópurinn var sá fyrsti sem fór frá Drekgili og yfir Ódáðahraun þetta sumarið og var leiðin seinfarin að sögn hópsins.



Hópurinn kominn á Bjargtanga.



VF FERDALÖG

Hilmar Braji Bárðarson
hilmar@vf.is



Buggy-bílar og fjórhjól við Garðar BA fjörunni í Skápadal í Patreksfirði.



Mjóifjörður er fallegur á hjörtum sumardegis.



Á Rauðasandi fyrir vestan.



Í 23 stiga hita á Egilsstöðum.



Gott bras gulli betra.



Góður finger er betri en GPS sagði Guðbergur.

Ferðalagið og áfangastaðirnir

Varahlutur með flugi inn á hálendið

Frá Áfanga var hugmyndin að fara inn á Stórasand. Þá byrjaði enn eitt vesendið í ferðinni þegar lega fór í bíl Guðbergs og Elsu. Þau voru stödd inni á miðju hálendinu og góð ráð dýr. Það kom hins vegar vel fram í spjalli við hópinn að hann lætur ekki vandamál stoppa sig því það eru alltaf til lausnir. Varahluturinn var fundinn til í Reykjavík og honum komið út á Reykjavíkflugvöll. Fundinn var flugvöllur við Blöndulón, í næsta nágrenni við það svæði þar sem buggy-bíllinn var bilaður, flugvélin tók á loft

frá Reykjavík og varahluturinn sendur á áfangastað. Þau sem ekki tóku þátt í brasinu tóku þessu öll af æðruleysi og nutu slökunar á hálendinu, þrátt fyrir flugur. Það var víst nóg af flugum á hálendinu í sumar.

Nú átti heldur betur að snúa vörn í sókn og stefnan tekin norður í Vatnsdal. Þá fór önnur lega og góð ráð dýr. Seint um kvöld var komið við hjá Skafta bónda á Brúsastöðum sem var í heyskap. Hann setti heyskapinn til hliðar og skaut skjólshúsi yfir viðgerðarteymið hjá landshornaflokkurum. Bíllinn lagfærður. Bóndinn hélt áfram

að rúlla upp heyi til kl. 04 um nóttina og ferðalangarnir héldu að Reykjum í Hrutafirði þar sem gist var í Sæbergi.

Stelpurnar í sveitinni kunna þetta

Úr Hrutafirði var lagt í hann á sunnanverða Vestfirði þar sem Barðaströndin var næsti áfangastaður. Þetta var sjöundi dagur ferðalagsins. Þar var gist á Birkimel áður en lagt var upp í síðasta legginn í vestur. Látrabjarg og Bjargtangi var áfangastaðurinn.

Brasi á hópnum var ekki lokið. Púst á einum Buggy-bílnum var

brotið og þurfti nauðsynlega að sjóða. Nú var komin sú stund að karlpeningurinn í hópnum þurfti að jata sig sigraðan. Það þurfti einstakling með sérstaka kunnáttu í að sjóða málminn í pústkerfinu. Á bænum Rauðsdal býr Svanhildur Björk en hún er með áralanga reynslu í rafsuðu og hristi þetta verkefni fram úr erminni og skaut strákunum þar ref fyrir rass. Eins og þau sögðu, stelpurnar í sveitinni kunna þetta.

Aftur var gist á Birkimel áður en stefnan var tekin á Baldur yfir Breiðafjörð. Einn bíllinn var bilaður og með einu símtali var opnað verkstaði í Stykkishólmi þar sem allt var til alls til að gera við. Eftir viðgerðarstoppið í Hólminum var stefnan tekin á Húsafell, þar sem gist var í sumarhúsi. Úr Húsafelli var lagt upp í lokaáfangann til Reykjanesbæjar.

Góðar móttökur og mikil hjálpssemi

Hópurinn sem tók þátt í þessu rúmlega 3.000 kílómetra ferðalagi segir það standa upp úr hvað þau fengu góðar móttökur hvar sem þau komu. Fólkið úti á landi hafi verið tilbúið að bjóða fram alla þá aðstoð sem þau hafi þurft og skipti engu á hvaða tíma sólarhringsins það var. Þá voru varahlutir og ný dekk send út á þjóðveginn til móts við ferðahópinn. Þau hafi ekki viljað hafa þjónustu bíl með í för, heldur frekar viljað nálgast aðstoð eftir öðrum leiðum.

Lítill farangur og takmarkað eldsneyti

Undirbúningur fyrir landshornaflakkið tók um eitt og hálf ár frá því hugmyndin kom fyrst upp og þar til hún var framkvæmd. Aðspurð hvernig á að undirbúa svona ferðalag, þá er galdurinn að taka með sér eins lítið af farangri eins og hægt er. Þannig var hver og einn ferðalangur í raun bara með farangur sem myndi rúmast í einni ferðatösku sem mætti fara í farangurshólf flugvélar. Það er ekki pláss fyrir meira. Þá er bara haft með það eldsneyti sem dugur fyrir viðkomandi dagleið eða á milli bensinstöðva.

Sauðanes í Sauðanes

Hópurinn sem tók þátt í þessu landshornaflakki í sumar er með margvíslegan bakgrunn og mismikla reynslu. Þarna eru einstaklingar sem elska bras á meðan önnur snerta ekki á verkfærum. Þá hafa sum langa reynslu af hálendisferðum á meðan önnur hafa meira verið með tjaldvagna og fellihýsi við þjóðveginn.

Þegar blaðamaður spyr hvort landið hafi verið afgreitt með þessu ríflega 3.000 km. ferðalagi þvers og kruss, þá er það ekki raunin. Næsta stóra ferð hefur þegar verið ákveðin. Hún er frá Sauðanesi, austan við Höfn í Hornafirði og að Sauðanesi vestur á fjörðum frá 16. til 23. júlí 2025.



Hópurinn á Dalatanga. Hér hefur væntanlega verið þörf á að fara í sturtu, miðað við hvað langt er á milli allra.



Helgi við Gunnar á Hlíðarenda en verkið vegur um tvö tonn.

MYNDSKEIÐ
Í RAÐRÆNNI ÚTÁFU VÍKURFRÉTTA

Besta listaverkið er eftir

■ Helgi Valdimarsson í Garði hefur gert 98 skulptúra og er með pöntun á því 99. Er hvergi nærri hættur og ætlar alla vega að gera hundrað.

„Ég byrjaði á höggmyndalist í kringum 2010, er búinn að gera 98 skulptúra og er alls ekki hættur, besta verkið er alltaf eftir,“ segir höggmyndaalista- maðurinn Helgi Valdimarsson en hann er að taka þátt í sýningu í Norræna húsinu ásamt öðru listafólki og var vörubíll í hlaðinu

að sækja fimm verk þegar blaðamaðurinn bar að garði. Það sjötta gat Helgi flutt sjálfur í sínum bíl en stærsta og þyngsta verkið sem Helgi hefur gert, af Ingólfi Arnarsyni, vegur um tvö tonn.

Helgi hefur búið í Garði síðan 2007 og hefur líka búið í Vogunum þar sem hann vann sem bíla-

sprautari en hann var ungur að árum þegar hann lærði myndlist í Bandaríkjunum.

„Ég lærði myndlist hjá ítalskri konu í Bandaríkjunum og sótti mér svo meiri fróðleik hér á Íslandi en svo sneri ég mér alfarið að svona höggmyndalist í kringum 2010. Ég steypi allt sjálfur, nota engin



mót og mála öll verkin með hvíttri málningu, ætli það sé ekki komið undan áhrifum frá Ásmundi Sveinssyni, myndhöggvara en hann var sveitungi móður minnar, ég sá mörg verka hans þegar ég var ungur gutti. Ég fæ hugmyndirnar af verkunum oftast að ofan, ég vinn öll verkin frihendis, þ.e. ég styðst ekki við neinar teikningar. Ég sé verkið fyrir mér áður en ég byrja og klára það þannig. Stundum fæ ég líka óskir um að gera verk og reyni að verða við þeim, t.d. er kylfingurinn við 18. flötina á Hólmsvelli í Leiru unnið eftir pöntun.

Ég vinn verkin venjulega inni í bílskúr en ef það er gott veður get ég verið úti að steypa. Ég er á leiðinni til Bandaríkjanna í nóvember. Ég hef fengið beiðni um að gera verk sem á að vera við sundlaug, það á að vera spordur af hval sem verður við sundlauginu, eins

”
Ég steypi allt sjálfur, nota engin mót og mála öll verkin með hvíttri málningu, ætli það sé ekki komið undan áhrifum frá Ásmundi Sveinssyni, myndhöggvara ...

og hvalurinn sé að kafa ofan í hana. Það verk verður nú ekki tilbúið fyrr en næsta sumar líklega en ég er hvergi af baki dottinn, verkin eru orðin 98 og eiga eftir að verða fleiri, ég á eftir að gera mitt besta verk,“ sagði Helgi að lokum.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Kylfingurinn í Leiru sem Helgi vann eftir pöntun. Á neðri myndinni má sjá verk á leið á sýninguna í Norræna húsinu.



VSFK óskar eftir starfsmanni á skrifstofu stéttarfélagssins

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis auglýsir eftir starfsmanni í almenn störf á skrifstofu sína.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Aðstoða félagsmenn vegna réttindamála.
- Umsjón með innheimtu félagsgjalda og utanumhald um félagakerfi.
- Útreikningar launa og vinnutíma.
- Almenn skrifstofustörf.
- Önnur störf á skrifstofunni.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Vönduð og sjálfstæð vinnubrögð og mikið frumkvæði.
- Hæfni í samskiptum og samstarfi.
- Þekking á kjarasamningum og launaútreikningum.
- Góð ensku- og íslenskunnátta. Bæði munnleg og skrifleg.
- Góð almenn tölvu- og tækniþekking.
- Umsækjendur skili inn ferilskrá og kynningarbréfi.

Nánari upplýsingar gefur formaður félagsins Guðbjörg Kristmundsdóttir í síma 421-5777 og í netfanginu gudbjorgkr@vsfk.is.



Verkalýðs- og sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis

Hópur sjálfboðaliða og starfsfólks Keflavíkurkirkju.



Sjálfboðaliðadagur í Keflavíkurkirkju

Sjálfboðaliðadagur í Keflavíkurkirkju var haldinn 15. september síðastliðinn. Voru þar mætt um áttatíu sjálfboðaliðar sem eru í einhverskonar sjálfboðinni þjónustu við kirkjuna, má þar nefna í kirkjukór, messuþjónustu, sóknarnefnd, fyrirbænahóp, hannyrðakonum, súpuþjónustu ásamt tónlistarfólki og fleirum sem tengjast starfinu með einu eða öðrum hætti. Þess má geta að hátt í 190 sjálfboðaliðar starfa við Keflavíkurkirkju og án þeirra væri starfið ekki eins metnaðarfullt og innihaldsríkt og það er í dag.

Dagurinn var styrktur af Kjalarnesprófastsdæmi. Skólamaturlaunir gaf dýrindis kjúklingasúpu og Soho gaf dásamlegt brauð og pestó. Guðmundur Brynjólfsson, djákni, var með erindi og jazz tríóið AHA spilaði ljúfa tóna undir borðhaldi.

Þetta er í fyrsta sinn sem Sjálfboðaliðadagur er haldinn í Keflavíkurkirkju. Að degi loknum var síðan sjálfboðaliðamessa þar sem Ívar Valbergsson var settur inn í embætti djákna við Keflavíkurkirkju en þess má geta að Ívar er sjálfboðaliði við kirkjuna. Dagurinn heppnaðist vel í alla staði og mikil ánægja var með alla dagskrána. Var þessi dagur haldinn til að þakka sjálfboðaliðum fyrir vel unnin störf í þágu kirkjunnar. Keflavíkurkirkja vonar svo sannarlega að það verði hægt að endurtaka þennan viðburð, segir í samantekt frá kirkjunni um daginn.



Séra Fritz Már Jörgensson, prestur, Hans Guðberg Alfreðsson, prófastur í Kjalarnesprófastsdæmi, Ívar Valbergsson, djákni, og séra Erla Guðmundsdóttir, sóknarprestur.



Jazz tríóið AHA spilaði ljúfa tóna undir borðhaldi.



Borðið var upp á súpu og brauð.



Guðmundur Brynjólfsson, djákni, ræddi sjálfboðastarfið innan kirkjunnar.



Dagurinn endaði svo með sjálfboðaliðamessu þar sem Ívar Valbergsson var settur í embætti djákna.

SMELLIÐ HÉR TIL AÐ SJÁ ÞÁTTINN Í RAFRÆNU BLAÐI



SUÐUR MEÐ SJÓ

SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

Ragnheiður Elín Árnadóttir er í essinu sínu hjá OECD í París. Er að upplifa drauminn og segir Ísland með sterka ímynd í útlöndum. Tuttugu ár í pólitíkinni góð reynsla. Víkurfréttir heimsóttu Rögggu til París og spurðu hana út í draumastarfið hjá OECD, kynni hennar af Spánarkonungi og hvernig það hafi verið að missa ráðherrastarf eftir prófkjör.



ÞÁTTURINN ER Á VF:IS OG YOUTUBE-RÁS VF

Spánarkonungur tjúttaði í afmæli Rögggu

Ungmennir vikunnar:

Nafn: Ragnheiður Rós Pétursdóttir
 Aldur: 15 ára
 Bekkur og skóli: 10. bekkur Sandgerðisskóla
 Áhugamál: Hekla og sauma



Alltaf gaman í Sandgerðisskóla

Ragnheiður Rós Pétursdóttir er nemandi í tíunda bekk Sandgerðisskóla sem ætlar sér að verða hjúkrunarfræðingur. Hún leggur stund á heilsurækt og tónlistarnám og elskar íslenskar pulsar. Ragnheiður er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið? Enska.

á, síma svo mér leiðist ekki og íslenskar pylsur því ég elska pulsar.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Oddný Lilja, verður pottþétt fræg fótboltastjarna.

Hver er þinn helsti kostur? Ég er góð og samviskusöm.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Dettur ekkert í hug! Alltaf gaman í Sandgerðisskóla.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Að geta lesið hugsanir.

Hver er fyndnastur í skólanum? Sindri Lars.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Húmor og traust.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Ain't No Mountain High Enough.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Að fara í framhaldsskóla, helst í heimavist og að verða hjúkrunarfræðingur.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Grillmatur.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir? Unglingaprek og æfi á klarinett.

Hver er uppáhaldsbiómyndin þín? Guardians of the Galaxy.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það? Frábær!

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðeyju og hvers vegna? Koddal til að sofa

Áform um einkavæðingu á vatnsveitu Sandgerðis

Í nútímasamfélagi er eitt mikilvægasta verkefni okkar að tryggja jafnan aðgang að grunninnviðum eins og vatni og rafmagni. Nú liggja fyrir áform um einkavæðingu á vatnsveitu Sandgerðis í Suðurnesjabæ, áform sem geta haft viðtækar og ófyrirséðar afleiðingar fyrir íbúa. Samkvæmt tillögu núverandi meirihluta bæjarstjórnar – Sjálfstæðisflokks, Samfylkingar og Bæjarlistans – er til skoðunar að selja vatnsveituna til HS Veitna. Við teljum þetta mál kalla á athygli og þátttöku íbúa.



Upptaktur að einkavæðingu

Á 56. fundi framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar lagði Einar Jón Pálsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins og formaður ráðsins, fram starfsáætlun fyrir vatnsveituna. Þar kom í ljós að viðræður væru hafnar við HS Veitur um möguleg kaup á vatnsveitunni í Sandgerði, án þess að formleg umræða hefði átt sér stað innan stjórnarsýslu Suðurnesjabæjar. Því er afar mikilvægt að íbúar Suðurnesjabæjar viti hvaða afleiðingar einkavæðing getur haft og hvaða áhrif hún hefur á rekstur og stjórnun vatnsveitunnar. Með því að vera vel upplýst og taka virkan þátt í umræðunni getum við tryggt að hagsmunir íbúa séu settir í forgang.

Grunninnviðir í eigu almennings

Grunninnviðir eins og vatnsveita eru lífsnauðsynlegir fyrir samfélagið. Opinber eign á slíkum innviðum tryggir aðgang allra óháð búsetu eða efnahag. Þegar auðlindir og grunninnviðir færast

í hendur einkaaðila, er hættu á að þjónustan verði ekki lengur veitt á jafnræðisgrundvelli, þar sem hagsmunir fjárfesta geta orðið fyrirferðarmiklir.

Gagnsæi og aðkoma íbúa

Við eigum að standa vörð um vatnsveituna sem almannaeygn og tryggja að hún haldist í opinberri eigu. Það er á ábyrgð okkar að tryggja að auðlindir okkar séu ekki seldar frá okkur án þess að við fáum tækifæri til að segja okkar skoðun.

Aðkoma íbúa að svona stórum ákvörðunum er lykilatriði. Stöndum saman og tryggjum að grunnþjónusta, eins og vatnsveitan, verði áfram í höndum almennings. Það er mikilvægt að íbúar séu vel upplýstir um slík áform og fái tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri þegar kemur að sölu á sameiginlegum innviðum.

Anton Guðmundsson, bæjarfulltrúi Framsóknar

Úrsula María Guðjónsdóttir, bæjarfulltrúi Framsóknar

Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, varabæjarfulltrúi Framsóknar

Magnús Sigfús Magnússon, bæjarfulltrúi

Aðstaða til hreyfingar í Sveitarfélaginu Vogum verði bætt

Fristunda- og menningarnefnd Sveitarfélagsins Voga leggur til að körfuboltavöllur verði lagaður og bætt verði við minikörfum, tækjum verði bætt við sem hægt er að nota eftir skólatíma á skólalóð sem og að skipt verði um gervigras á sparkvelli.

Aðgengi að fjöru verði bætt svo íbúar geti nýtt möguleikann á útivist í fjörunni. Einnig leggur nefndin til að körfur verði settar við leikvöllinn við Miðdal. Nefndin óskar eftir að málið sé skoðað á umhverfis og skipulagssviði.



Vilja eiga meira samráð við starfsmenn og kjörna fulltrúa

Í fjárhagsáætlunargerð Suðurnesjabæjar leggur ungmennaráð bæjarins áherslu á að fá að hafa skoðanir á málefnum sem snúa að börnunum og ungmennum í sveitarfélaginu. Þetta kemur fram í síðustu fundargerð ráðsins frá fundi þess 4. október sl.

Ráðið vill eiga meira samráð við starfsmenn og kjörna fulltrúa í áætlunargerðinni þannig að þeirra rödd hafi vægi og áhrif eins kemur fram í erindisbréfi þess.

Ungmennaráð vill að erindisbréf ráðsins verði endurskoðað og leggur áherslu á að fá að vera áheyrnarfulltrúar í fastanefndum í Suðurnesjabæ ásamt öðrum breytingum. Í núverandi erindisbréfi finnst ráðinu þau ekki hafa tækifæri til að koma sjónarmiðum barna og ungmenna í Suðurnesjabæ á framfæri.



Bæta starfsaðstæður í leikskólum með samræmingu á skólaleyfum

Menntaráð Reykjanesbæjar lýsir ánægju með þær tillögur sem fram hafa verið lagðar um útfærslu á bættum starfsaðstöðum í leikskólum bæjarins. Þær snúa að samræmingu á skólaleyfum og ná yfir lokun í dymbilviku og vetrarfríum, ásamt áframhaldandi lokun milli jóla og nýárs, sem hefur reynst vel undanfarin ár.

Menntaráð telur að þessi útfærsla muni stuðla að betri starfskilyrðum og auka stöðugleika í leikskólastarfi, segir í afgreiðslu

ráðsins á síðasta fundi þess. Þar var tekið fyrir minnisblað frá starfshópi um bættar starfsaðstæður í leikskólum Reykjanesbæjar. Tillagan sem um ræðir lýtur að samræmingu á skólaleyfum milli leik- og grunnskóla. Tillagan var samþykkt samhljóða og vísað til umræðu í bæjarráði.

Þá tekur ráðið undir mikilvægi þess að boðið verði upp á skráningu barna á leikskóla í vetrarfríum og dymbilviku fyrir þá foreldra sem á því þurfa að halda.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HAFÞÍS JÓHANNSDÓTTIR,
Aðalgötu 1, Reykjanesbæ,

sem lést 2. október, verður jarðsungen frá Keflavíkirkirkju fimmtudaginn 17. október kl. 13:00.

Þeir sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Jóhann Gíslason Linda Einarsdóttir
Guðrún Hákonardóttir Stefán Jónsson
barnabörn og langömmubörn

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Störf í leik- og grunnskólum

Drekadalur - Deildarstjórar

Drekadalur - Kennarar

Önnur störf

Hæfingastöðin - Matráður

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Viltu taka þátt í að veita börnum og fjölskyldum stuðning?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS





Smári með tónlistina í tveimur sýningum í New York

Tónlistarmaðurinn Smári Guðmundsson er höfundur tónlistar í tveimur sýningum í New York nú á haustmánuðum 2024. Annað þeirra er dansverkið [CRACKS] eftir Christina Kyriazidi sem var frumsýnt í TheaterLab á Manhattan 4. október sl. Sama dag var tónlistin við verkið gefin út á vegum Smástirnís.

Þá er dans- og leik-sýningin Oblivion sýnt í Theater Row leikhúsinu við 42nd Street í september og október. Christina Kyriazidi er einnig höfundur þess verks og Smári höfundur tónlistar. Verkið var frumsýnt í Technohoro Fabrika í Aþenu á Grikklandi í nóvember 2023 og vakti verðskuldaða athygli. Í kjölfarið var sýningin sett upp í Berlín í ACUD Theater í febrúar á þessu ári og fór svo aftur í sýningu í Aþenu í mars. Sýningarnar í New York eru hluti af



hátiðinni United Solo. Tónlistin úr verkinu hefur verið gefin út hjá Smástirni í samvinnu við Öldu Music.

Undanfarin ár hefur Smári Guðmundsson unnið með listahópum frá Þýskalandi og hefur í því samstarfi samið og tekið upp tónlist bæði fyrir útvarpsleikrit og dansverk. Árið 2022 gaf hann út smáskífuna Crete sem var unnin á Krít og einnig hljóðverkið Aging, sem var samið fyrir dansverk sem var frumflutt á hátiðinni We Love Stories á Krít.

Gjöfult samstarf Smára við gríska leikskáldið og danshöfundinn Christina Kyriazidi hófst þegar þau kynntust þegar hann bjó og starfaði í Berlín fyrir nokkrum árum.

Smári Guðmundsson hefur verið virkur þátttakandi í íslensku tónlistarlífi í mörg ár og líklega þekktastur sem hluti af hljómsveitinni Klassart. Hann hefur þó einnig fengið við fjöldamörg önnur tónlistartengd verkefni, var m.a. í hljómsveitunum Lifun og Tommygun Preachers og hefur einnig gefið út töluvert af tónlist undir eigin nafni. Þá samdi Smári söngleikinn Mystery Boy sem var valinn áhugasýning ársins af Þjóðleikhúsinu árið 2018. Hann hefur rekið útgáfufyrirtækið og upptökuverið Smástirni í rúm fimm ár og vinnur verk sín undir merkjum þess.

Hundalógik ríkisstjórnarinnar

Í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er áformað að skerða framlag ríkisins til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóðanna á næsta ári og fella það síðan alveg niður.



Þátttakandi í verkalýðsbaráttu á áratugi. Er breiðu bókina í samfélaginu allt í einu að finna í lífeyrissjóðum verkafólks?

**Ólaf Örnórðsson
lífeyrissjóða**

Framlagið sem þarna um ræðir kom til framkvæmda árið 2007 sem hluti af kjarasamningi og það var ekkert sem benti til þess þá að um tímabundið framlag væri að ræða eða að það yrði fellt niður seinna meir af óvinsælustu ríkisstjórn Íslandssögunnar.

Nú hefur þessi ríkisstjórn – sem reyndar er komin í líknandi meðferð – tekið ákvörðun um að eðlilegt og rétt sé að skerða þetta framlag sem hingað til hefur gert það verkum að ekki hefur þurft að skerða lífeyrisréttindi hjá þeim sjóðum sem bera þungstu örorkubyrðina.

Og hvaða sjóðir eru það sem verða hvað harðast úti við þessar breytingar? Jú, það eru sjóðirnir sem verkafolk hefur greitt í. Fólkið sem hefur haft lægstu launin í gegnum starfsævina og á þar af leiðandi minnstu lífeyrisréttindin. Í þeirra vasa á nú að seilast.

Breiðu bókina?

Í mínum huga er það fullkomin fíring hjá ríkisstjórninni að ætla að fjármagna gömul kosningaloforð Vinstri grænna með þessum hætti. Að færa fjármuni frá tekjulágum hópi til þess að bæta stöðu annars tekjulágs hóps er í mínum huga ekkert annað en hundalógik. Hana á ég erfitt með að skilja sem

Íslenskir lífeyrissjóðir bera mismunandi örorkubyrði og væri ekki að sjálfsögðu rétt að þeir sjóðir sem hafa lægstu örorkubyrðina fái framlag úr ríkissjóði. Hins vegar er staðan þannig hjá mörgum sjóðum verkafólks að rúmlega fjórðungur greiðslna sjóðanna fer í að greiða örorkulífeyri.

Lífeyrissjóðir verða að skerða

Á fundi efnahags- og viðskipta-nefndar hefur komið fram að Festa lífeyrissjóður gæti þurft að skerða réttindi um allt að sjö prósent og Gildi lífeyrissjóður um tæp sex prósent, nái þessi áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga.

Arfavitlaus forgangsróðun

Er þetta það sem við viljum? Að seilast sé í vasa fátækasta fólksins í landinu til þess að fjármagna hallarekstur ríkissjóðs? Hvað segir svona forgangsróðun okkur? Þessi forgangsróðun segir mér allavega að þessi ríkisstjórn hefur ekki getu til að forgangsraða í þágu fólksins í landinu og þess vegna á hún að fara frá.

Guðbrandur Einarsson
Höfundur er þingmaður Viðreisnar í Suðurlkjördæmi.

Djass og klassík í eina sæng í Sandgerðiskirkju

– Tónleikar til heiðurs Hallgrími Péturssyni

Tónleikar verða haldnir í Sandgerðiskirkju næstkomandi sunnudag, 20. október, þar sem einu þekktasta ljóði Hallgríms Péturssonar verða gerð skil á mjög nýstárlegan hátt. Tónleikarnir eru hluti af Hallgrímshátíð sem haldin verður í Hvalsneskirkju fyrir um daginn.

Verkið „Um dauðans óvissan tíma“ er tónverk fyrir orgel, kór og djasshljómsveit við samnefnt ljóð Hallgríms Péturssonar, betur þekkt sem „Allt eins og blómstrið eina“. Það er unnið út frá lagi Sólmundar Friðrikssonar við sálminn og er afrakstur samstarfs hans við Agnar M. Magnússon, djasspíanóleikara, og Arnór Vilbergsson, kantors Keflavíkurkirkju, þar sem Sólmundur leggur til lag sitt og þeir Agnar og Arnór flétta saman sínar útsetningar við ljóðið. Öll erindi

ljóðsins, þrettán að tölu, verða flutt, ýmist lesin og sungin, af kór og í einsöng. Verkið er samið fyrir og flutt af djasshljómsveit og kór, n.t.t. Kór Keflavíkurkirkju undir stjórn Arnórs, sem leikur einnig á orgel, og djasshljómsveit undir stjórn Agnars Más, sem sér um píanóleik. Í hljómsveitinni er valinn maður í hverju rúmi en með Agnari leika þau Birgir Steinn Theodórsson á kontrabassa, Haukur Gröndal á saxófón og klarinett, Marína Osk Þórólfsdóttir, söngkona, og Matthías Hemstock á trommur. Sólmundur mun svo einnig koma að söng og sjá um upplestur.

Verkefnið „Um dauðans óvissan tíma“ er styrkt af Uppbyggjarsjóði Suðurnesja og Kjalarnefndarprófastdæmi. Tónleikarnir hefjast kl. 20. Aðgangur er ókeypis.



Gunnhildur sýnir í Hannesarholti

Á sýningunni Magn í Hannesarholti í Reykjavík eru glæný verk eftir Gunnhildi Þórðardóttur, bæði tví- og þrívíð, sem fjalla um liti lífsins, neyslu mannsins og magn, þ.e. stærð, fjölda, ofnotkun efna eða jafnvel magn sem mátt eða afl. Öll verkin á sýningunni eru einnig

gerð úr endurunnum listaverkum á striga, endurnotuðum rafmagnsvírum, brotum, hlutum eða afskurði úr hinum ýmsu efniviðum t.d. timbri, plasti og málmum.

Sýningin verður opin 10.-29. október frá kl. 11:30 til 16 alla daga nema sunnudaga og mánudaga.



Nýr Heiðarskólaskógur?

Í vor sótti Heiðarskóli um styrk í Yrkjúsóð og fékk úthlutað 469 birkiplöntum. Nýlega var svo gróður-setningardagur Heiðarskóla sem heppnaðist með eindæmum vel. Allir nemendur Heiðarskóla gróður-settu eina birkiplöntu. „Við vorum í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjanesbæjar og fengum einnig aðstoð hjá umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar. Þetta verður klárlega endurtekið að ári. Markmiðið er orðið ansi stórt langt fram í framtíðina, en hugmynd er að gera Heiðarskóla-skóg þar sem Rósaselstjarnir eru,“ segir í tilkynningu frá skólanum.



Alzheimer

**Opinn kynningar- og fræðslufundur
Félags eldri borgara á Suðurnesjum
um Alzheimer-sjúkdóminn.**

Verður haldinn á Nesvöllum
24. október klukkan 14:00.

**Séra Fritz Már Jörgenson flytur erindi um
Alzheimer-sjúkdóminn og fer yfir sína reynslu
sem aðstandandi sjúklinga með Alzheimer.**

Kaffiveitingar í boði á fundinum.

Þetta er opinn fundur – allir velkomnir!





Troðfylltu höllina



Njarðvík með sigur í fyrsta leik í IceMar-höllinni

Njarðvíkingar hófu að skrifa nýjan kafla í sögu félagsins á sigri þegar ný og glæsileg körfuknattleikhöll, IceMar-höllin, var formlega tekin í notkun um síðustu helgi.

Vel yfir 900 áhorfendur mættu á leikinn og sáu Njarðvík vinna Álftanes með níu stigum í hörku-leik í Bónusdeild karla í körfuknattleik.

Meðfylgjandi myndir tók Jóhann Páll Kristbjörnsson, ljósmyndari Víkurfrétta, á opunarleiknum í IceMar-höllinni.

ÍPRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

Við þurfum starfið nær iðkendum

- segir Hámundur Örn Helgason, framkvæmdastjóri Ungmennafélagsins Njarðvíkur. Það hefur nú gerst með nýju og glæsilegu íþróttahúsi þeirra Njarðvíkinga sem var formlega tekið í notkun um síðustu helgi. Víkurfréttir hittu Hámund í IceMar-höllinni og spölluðu við hann um breytingarnar.



IceMar-höllin opnuð á áttatíu ára afmælisári UMFN

Njarðvík er áttatíu ára í ár og þó afhending íþróttahússins hafi dregist þá má segja að það sé skemmtileg tímasetning að taka það í notkun á afmælisárinu.

„Já, ekki spurning. Það stóð alltaf til að halda afmælishátíð hérna þegar við vissum að þetta yrði á þessu ári, auðvitað hefði verið frábært ef það hefði verið nær afmælisdeginum.“



Í tilefni af 80 ára afmæli félagsins var hannað sérstakt merki sem vísar til eldra merkis UMFN en það var einfaldara en sú útgáfa sem flestir þekkja í dag.

Þið gáfuð út sérstakt afmælismerki, útfærslu á merki Njarðvíkur. Hvernig hafa viðbrögð verið við þessu nýja merki?

„Þau hafa verið fjölbreytt, það er alveg óhætt að segja það – en ekkert sem kemur á óvart. Þetta er náttúrulega nær fólki. Sama er með litinn, það er enginn sammála um hver hinn rétti Njarðvíkurgræni er. Það skiptir bara máli hvenær þú ert fæddur og hversu lengi þú hefur búið hérna. Ég myndi samt segja að viðtökurnar hafi verið betri en ég bjóst við.“

Það eru náttúrulega miklar tilfinningar sem spila inn í þegar svona merki um ræðir.

„Það er bara svoleiðis og íslensk félög eru lítið í að breyta merkjum míkið. Merki sem hefur breyst lítið í gegnum tíðina tekur kannski stærra stökk þegar loksins er farið í þá vinnu.“ segir Hámundur en lengri útgáfa viðtalsins verður í Suðurnesjamagasíni á föstudaginn.

Hámundur, nú erum við staddir hérna í þessu glæsilega mannvirki, nýja íþróttahúsi Njarðvíkinga. Hvernig finnst þér þetta koma út?

„Bara langt umfram vonir, ef ég á að vera alveg hreinskilinn,“ segir Hámundur. „Þetta mannvirki er mjög vel heppnað, nær einhvern veginn að halda sögunni og er smá gryfja, sem kom flestum á óvart – þannig að þetta er bara glæsilegt.“

Það var rífanði stemmning á fyrsta heimaleik Njarðvíkinga í Bónusdeild karla um síðustu helgi og Hámundur segir að hamborgarnir hafi verið fljótir að seljast upp og unglingarád hafi klárað allt sælgæti í sjöppunni. Hann vonar eðlilega að þetta sé það sem koma skal.

Og hverjar eru væntingar ykkar Njarðvíkinga með framhaldið, varðandi uppbyggingastarf og annað?

„Ég hef alltaf talað um það að við þurfum starfið nær iðkendum. Náttúrulega eru frístundabíll og annað sem hjálpar rosalega til en við erum orðinn mjög langur bær – og þetta hvernfi er bara nýr markhópur. Bæði áhorfendur á leiki og svo iðkendur fyrst og fremst.“



Ljónið í nýja merkinu tengir við íþróttahús Njarðvíkinga, Ljónagryfjuna, sem og stuðningsveitir félagsins í körfuboltanum, sem oft eru kallaðar Ljónin. Merkið er byggt á gamla skjaldarmerki Njarðvíkurþæjar þar sem sjávarkóróna þrýðir topp ljónsins.

Gat ekkert orðið betra

- sagði Teitur Örlygsson, fyrrverandi leikmaður Njarðvíkur, þegar Víkurfréttir ræddu við hann að loknum fyrsta leik í IceMar-höllinni og fyrsta sigri Njarðvíkinga á nýjum heimavelli.

„Mig dreymdi að þetta myndi byrja einhvern veginn svona,“ sagði Teitur. „Stemmningin og það var náttúrulega miklu meira af fólki en ég bjóst við. Við þurftum að hætta að hleypa inn og fólk þurfti að standa. Uppselt á fyrsta leik – þetta er bara geggjað.“

Allt viðtalið við Teit má sjá í í rafrænni útgáfu og Sjónvarpi Víkurfrétta á vf.is.



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA



Af hverju varð Njarðvíkurbúningurinn grænn?

Gunnar Þorvarðarson, fyrrverandi leikmaður Njarðvíkur og landsliðsmaður í körfuknattleik, þekkir söguna af því þegar Njarðvíkingar tóku að klæðast grænum búningum en fram að því var litur UMFN blár. Víkurfréttir báðu Gunnar að rifja upp söguna fyrir lesendur.

„Sko, það er saga að segja frá því þegar ég byrjaði í körfubolta,“ segir Gunnar í upphafi spjalls okkar. „Ég var í gagnfræðaskólanum í Keflavík og tveir félagar minna drógu mig á æfingu upp á Keflavíkurflugvelli þar sem Ingi Gunnarsson heitinn var að byrja með unglíngaflokk.“

Ég hafði engan áhuga á körfubolta en ég fór með þeim og þar sem mér gekk aðeins betur en hinum strákunum, það var bara út af því að ég var aðeins hærri en þeir, þá ílengdist ég í þessu.“

Gunnar segir að hann hafi spilað fyrsta leikinn sinn á móti ÍR í Hálogalandi í Reykjavík. „Mig minnir að það hafi verið ÍR. Ég man alltaf hvernig það fór, 34:6 fyrir ÍR-ingunum. Ég man nú ekki hvort ég skoraði eina af þessum þremur körfum en svo hélt þetta bara áfram og ég spilaði í átján ár með meistaraflokki.“

Við urðum fyrst Íslandsmeistarar 1981 og aftur 1982, svo '84, '85 og '86. Þetta voru góð ár og svo hætti ég einum titli við árið 2007 þegar ég var aðstoðarþjálfari hjá Einari Jóhannssoni.

Hagsýni og aðdáun á Boston Celtics réði för

En þú þekkir kannski söguna manna best þegar Njarðvíkurbúningurinn varð allt í einu grænn.

„Já, það er mér að kenna og vini mínum, Brynjari Sigmundssyni,“ segir Gunnar. „Við vorum valdir í úrvalslið sem fór til Bandaríkjanna í nóvember 1973. Ég var gjaldkeri deildarinnar og Brynjar stjórnarmaður, við rákum þetta bara sjálfíð leikmennirnir og þjálfarinn.“

Á þessari ferð þá kemur til okkar heildsölumaður sem var að selja búninga og allskonar íþróttavörur. Við sáum okkur leik á borði, því þetta var mun ódýrara en hérna heima.“


Gunnar segir að Njarðvíkingar hafi þurft að vera með tvö búningasett, annað

blátt og hitt hvítt, þar sem önnur liði í deildinni voru með bláan og hvítan lit. „Það voru ÍS og ÍR og við spáðum mikið í það hvort við gætum ekki fundið lit sem engin önnur lið í deildinni væru að nota. Við höfðum einhverja þrjá, fjóra liti að velja úr en þar sem við vorum báðir Boston-aðdáendur þá tókum við græna litinn og komum með hann heim og byrjuðum að spila í græna litnum í janúar 1974. Síðan þá hefur þetta þróast upp í það að allir eru í grænu,“ segir Gunnar en allt viðtalið við hann má heyra og sjá í Suðurnesjamagasíni næstkomandi föstudag. Þar segir Gunnar meðal annars ástæðuna af hverju hann og afkomendur hans hafa alltaf leikið í treyju númer fjórtán.



„Það er gaman að sjá hana. Ég hef ekki séð svona treyju í áratugi, ekki nema bara á myndum,“ sagði Gunnar þegar hann fékk að sjá og meðhöndla gömlu treyjuna sína en á einhverjum tímupunkti hefur tölustafurinn 1 verið fjarlægður. Í dag er treyjan hluti af safni Njarðvíkurbúninga í einkaeigu.

VF/JPk



Gunnar Þorvarðarson tekur við verðlaunum þegar Njarðvíkingar urðu Íslandsmeistarar í fyrsta sinn. Vinstra megin með glæsilegan bikar sem Njarðvíkurhævar afhenti UMFNA að gjöf og hægra megin tekur hann við Íslandsmeistarabikarinum. Myndirnar birtust í Víkurfréttum árið 1981.

1X2 „ÞRUMAD Á ÞRETTÁN“

Tippleikur Víkurfréttanna fer aftur af stað

Hámundur Örn Helgason, sigurvegari í tippleik Víkurfréttanna á síðasta tímabili, mætir Sigurði Óli Þórleifssyni, eiganda Njóttu ferða sem bjóða sigurvegara tippleiksins og blaðamanni Víkurfréttanna á bikarúrslitaleiknum í enska boltanum í maí 2025.

Áfram munu tveir tipparar mætast í hverri viku og sá sem sigrar heldur áfram. Þegar fjórar umferðir verða eftir af ensku úrvalsdeildinni munu fjórir efstu í tippleiknum hefja nýjan leik og tippa sín á milli síðustu fjórar umferðirnar og sá sem fær flesta rétta í þeim fjórum umferðum sigrar og fær að launum ferð til London á Wembley.

Sigurður Óli og Hámundur mætast í sérstökum kynningarleik í þessari viku. Sjálf keppnin hefst svo í næstu viku þar sem tveir tipparar reyna með sér.

„Það er gaman fyrir okkur að vera styrktaraðili í tippleik Víkurfréttanna, og við bjóðum sigurvegaranum og blaðamanni VF miða á úrslitaleik FA Cup. Það er aldrei að vita nema ég skelli mér með ef mínir menn í United verða aftur í úrslitum,“ sagði Sigurður Óli.

Tippmeistari síðasta tímabils var ánægður með árangur sinn á síðasta tímabili.

„Það var gaman að taka þátt í fyrra og auðvitað frábært að vinna leikinn og fara í eftirminnilega ferð á Wembley. Sá sem vinnur í ár á von á góðu,“ sagði Hámundur.



Hámundur	Seðill helgarinnar	Sigurður
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Bournemouth - Arsenal	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Man.Utd. - Brentford	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Newcastle - Brighton	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Fulham - Aston Villa	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Ipswich - Everton	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Southampton - Leicester	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Blackburn - Swansea	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Middlesbro - Bristol City	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Millwall - Derby	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Q.P.R. - Portsmouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Sheff.Wed. - Burnley	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Stoke - Norwich	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Charlton - Stockport	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>

Tveir heimsmeistararitlar og eitt heimsmet

Kraftlyftingakonan Elsa Pálsdóttir heimsmeistari í búnaði 2024 og heimsmet í réttstöðu

„Ótrúlegt en satt, heimsmeistari á mínu fyrsta móti í búnaði,“ segir Elsa í færslu á Facebook eftir að hún varð heimsmeistari í kraftlyftingum í búnaði um helgina – og það í fyrstu tilraun.

Ferð Elsu til Suður-Afríku hefur verið sannkölluð frægðarferð; tveir heimsmeistararitlar, eitt heimsmet, tvö gull í hnébevgju, tvö silfur í bekkpressu og tvö gull í réttstöðu. Ekki slæmt hjá konu sem varð sextíu og fjögurra ára í byrjun



þessarar viku en Elsa sigist yngjast með hverju árinu.

„Það sem ég er þakklát fyrir að hafa heilsu til að stunda þetta áhugamál mitt og fá tækifæri til að ferðast um allan heim til að keppa við þær bestu á mínum aldri í sportinu. Ég er líka óendanlega þakklát þeim sem styðja mig með einum eða öðrum hætti og gera mér fært að taka þátt í þessu kraftlyftingaævintýri.“

Nú tekur við smá hvíld og svo undirbúningur fyrir EM í Frakklandi í febrúar,“ sagði Elsa að lokum í Facebook-færslu sinni.



Safnahelgi á Suðurnesjum 25.-27. október

Margt verður um að vera helgina 25.-27. október næstkomandi. Þegar Safnahelgi á Suðurnesjum fer fram. Þá bjóða sveitarfélögin á Suðurnesjum landsmönnum í heimsókn til að skoða fjölbreytta flóru safna, setra og sýninga á Suðurnesjum þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Alla jafna hefur Safnahelgin verið haldin í mars en í ljósi aðstæðna sem uppi voru í Grindavík í byrjun árs var tekin ákvörðun um að fresta viðburðinum fram í október. Enn er ekki ljóst hvort opið verður í Grindavík á Safnahelginni en vonir eru bundnar við að það gæti orðið.

Sérstakur opnunarviðburður Safnahelgar verður haldinn í nýrri



Frá Safnahelgi á Suðurnesjum á síðasta ári. VF/Hilmar Bragi

upplýsinga-, fræðslu- og þjónustuaðstöðu við Reykjanesvita á suðvestanverðu Reykjanesi þriðju-

daginn 22. október kl. 12. Það er Guðný Birna Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar,

sem opnar safnahelgina formlega og djassbandið HAG tríó flytur ljúfa tóna fyrir viðstadda.

Alla dagskrá má nálgast á vef safnahelgar, safnahelgi.is, en meðal dagskrárliða eru tónleikar með hljómsveitinni Lón, fjölskyldusamvera og smíðjur, leiðsagnir, frábærar list- og sögusýningar ásamt því að einkasafnarar opna sýningar sínar. Fulltrúar sveitarfélaganna á Suðurnesjum hafa unnið sam-eiginlega að undirbúningi dagskrárinnar og er verkefnið stutt af Uppbyggingsráði Suðurnesja.

Aðgangur að Safnahelginni er ókeypis og er fólk sérstaklega hvatt til þess að taka fjölskylduna með sér á rúntinn og skoða það sem söfn, setur og sýningar á Suðurnesjum hafa upp á að bjóða.



Mundi

Ríkir ekki grafarþögn hver leggja í bílastæðin við kirkjugarðinn?

Kosningasprettur

Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvenær kjördagur verður, en ef fer fram sem horfir verður kosið til Alþingis fyrir lok nóvember. Það er sannkallaður kosningasprettur og allir flokkar og væntanlegir frambjóðendur á yfirsýningu við undirbúning og skipulagningu næstu sex vikna. Hafandi farið í gegnum nokkrar kosningabaráttur sjálf í gegnum tíðina þekki ég að

þarna er að ýmsu að hyggja og að það er metnaðarfullt að ætla svo stuttan tíma. En á móti kemur að eins og ekki hefur farið framhjá neinum þá er kosningabaráttan í raun löngu byrjuð, a.m.k. hjá sumum, þannig að það er kannski bara gott fyrir okkur kjósendur að það verði hraðspólað að þessu sinni og málið klárað fyrir jól.

Það er nefnilega ekki alltaf best að hafa mikinn tíma til að klára eitthvað verkefni og oft vinnur maður einfaldlega langbest undir pressu. (Ef þið lofið að segja sonum mínum ekki frá, þá var það nú oft þannig þegar ég var í skóla að ég vann bara undir pressu!). Nú nefnilega skiptir mestu máli að einbeita sér að mikilvægum málum, flokkarnir þurfa að velja á lista, skerpa línur og leggja fyrir kjósendur skýra stefnu. Eg veit að það er gott fólk í öllum flokkum og leyfi mér að fullyrða að flest þeirra

sem gefa kost á sér til stjórnmalabátttöku gera það vegna þess að þau vilja láta gott af sér leiða, vilja breyta heiminum til hins betra.

Góðu fréttirnar eru að núna er enginn tími fyrir einhverja vitleysu, tíminn er svo knappur að einungis mikilvægustu málin komast að. Eða hvað? Slæmu fréttirnar eru að þetta þarf ekki að vera svona einfalt og eins og við þekkjum úr sögunni verða ótrúlegustu, oft ómerkilegustu, málin að stóru kosningamálunum. Stjórnmal geta verið klækjaleikur og stjórnmalamenn spila til að vinna.

Nú tek ég það skýrt fram að ég er hætt allri þátttöku í stjórnmalum og geri mig þar að auki alls ekki út fyrir að vera sérstakur stjórnmalaskýrandi. Ég hef bæði rifist í stjórn og stjórnarandstöðu. Nú er ég hins vegar bara kjósendi og horfi á stjórnmalin með þeim augum. Það sem mig langar að

sjá í þessari kosningabaráttu eru málefnalegar umræður um ólíkar áherslur og lausnir á þeim málum sem brenna á kjósendum. Ég vil sjá minni æsing og meiri virðingu fyrir mótframbjóðendum þegar tekist er á. Það má hitna í kolunum – skárri væri það nú – en uppnefni og skít-kast eru afþökkuð. Ég vil sjá skýra sýn og metnað.

Ísland er frábært land og kannski þvert á það sem maður gæti haldið þegar horft er á fréttir, þá stendur það þarmerlega á veflestum sviðum þar sem lönd eru borin saman. Það er alltaf hægt að gera betur, til dæmis þarf að huga að framtíðinni og menntun barnanna okkar og finna leiðir til að koma okkur þar í fremstu röð á meðal þjóða. Og svo mætti lengi telja.

Kannski bara að góður kosningasprettur komi okkur farsælega í mark – mikið vona ég það.



SUÐUR MEÐ SJÓ

SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

ÞÁTTURINN ER Á VF.IS OG YOUTUBE-SÍÐU VF

LOKAORD



RAGNHEIDAR ELÍNAR

NOKIAN TYRES

Kauptu Nokian gæðdekk fyrir veturinn!

Finndu réttu dekkinn fyrir bílinn þinn.

FINNDU DEKKIN ÞÍN Á MAX1.IS

Bókaðu dekkjaskiptin á nýju verkstæði MAX1 við Flugvelli 22 í Reykjanesbæ á max1.is.

MAX1 BÍLAVAKTIN